

Nd. **666. Breytingartillögur** [220. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (1. gr.) Á eftir 3. málsg. 42. gr. laganna kemur ný málsg., svo hljóðandi:
Fram skal fara ýtarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur. Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir.
- b. (2. gr.) 53. gr. laganna orðist svo:
Nú breytist framfærsluvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1964, og skal þá hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., A-lið 13. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., í réttu hlutfalli við það.